

## Viðauki IV við þjónustusamning um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Myndlistarskólans í Reykjavík

Neðangreindar eru breytingar á þjónustusamningi um kennslu á framhaldsskólastigi milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, kt. 460269-2969, og Myndlistarskólans í Reykjavík, kt. 460269-4079, dags. 07.05.2015.

### 1. gr.

Gildistími, sbr. 9. gr., samningsins framlengist til 31.12.2019. Þessi framlenging á gildistímanum á einnig við um þá viðbótarþjónustu sem skólanum var falið að vinna sbr. viðauka II dags. 01.09.2017.

### 2. gr.

Viðauki II við samninginn breytist á eftirfarandi hátt:

Í 1.mgr. 1. gr. viðaukans bætist málarabraut við sem fjórða námsbraut skólans í diplómanámi.

Í 2. mgr. 1.gr. viðaukans skiptist fjöldi nemenda á brautirnar fjórar þannig:

Í keramik á bilinu 5 – 15 nemendur á önn.

Í textíl á bilinu 5 – 15 nemendur á önn.

Í teikningu á bilinu 10 – 20 nemendur á önn.


Á málarabraut á bilinu 5 - 15 nemendur á önn.


### 3. gr.

Vegna lagabreytinga er eftirfarandi samningsákvæðum breytt þannig:

- Í gr. 1.1. er framvegis átt við 40. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í fyrsta tölulið er framvegis átt við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 1.5. í þriðja tölulið er framvegis átt við lög um opinber innkaup nr. 120/2016.
- Í gr. 1.5. í sjöunda tölulið er framvegis átt við samkeppnislög nr. 44/2005.
- Í gr. 5.6. er framvegis vísað til 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 5.11.2 er framvegis átt við 54. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- Í gr. 7.5. er framvegis vísað til 32. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

Reykjavík, 3. júní 2019

  
f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
f.h. Myndlistarskólans í Reykjavík

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK